

## **Bókun meirihluta bæjarstjórnar vegna breytinga á stjórnkerfi og skipuriti Akraneskaupstaðar**

*Bæjarfulltrúar Samfylkingar og Framsóknar og frjálsra leggja fram eftirfarandi bókun*

*Þann 27. febrúar s.l. var samþykkt í bæjarráði að fara af stað í umbótavinnu á rekstri og innra vinnulagi Akraneskaupstaðar. Markmið þessa var að ná fram aukinni skilvirkni í starfsemi stjórnarsýslu sveitarfélagsins með breytingum á stjórnun, verkferlum og samstarfi. Ráðgjafar frá Capacent, síðar Arcur, unnu úttekt og skiluðu tillögum til bæjarstjórnar þar sem sérstaklega var horft til þess hvernig auka mætti þjónustu og skilvirkni í rekstri sveitarfélagsins með aukinni hagnýtingu upplýsingatækni, skýrari verkferlum, stjórnun og öflugu starfsumhverfi.*

*Niðurstaða ráðgjafa Capacent/Arcur er sú að núverandi skipurit sveitarfélagsins styðji ekki við nútímaleg vinnubrögð í stýringu verkefna, hagnýtingu rafrænnar þjónustu og skjalastýringu þannig að efla megi þjónustu við íbúa og fyrirtæki. Í skýrslu ráðgjafanna voru lagðar fram tillögur um tilteknar breytingar á uppbyggingu stjórnkerfis Akraneskaupstaðar. Frá þeim tíma hafa embættismenn bæjarins sem og pólitískir fulltrúar rýnt niðurstöðurnar.*

*Við undirrituð, bæjarfulltrúar Samfylkingar og Framsóknar og frjálsra, erum þess fullviss að með þeim breytingum á stjórnkerfi og skipuriti Akraneskaupstaðar sem hér liggja fyrir, skapist möguleikar á því að auka fagmennsku og framleiðni í starfsemi kaupstaðarins, skýra forgangsröðun og stuðla að betri framgangi verkefna, auk þess að bæta þjónustu kaupstaðarins gagnvart stofnunum, fyrirtækjum og íbúum. Þótt aðgerðirnar feli í sér nýjar ráðningar, þá fela þær einnig í sér aðhaldsaðgerðir og teljum við þær vera hagkvæma ráðstöfun á skattfé íbúa á Akranesi. Þá eru breytingar eins og ráðning mannauðsstjóra og verkefnastjóra vegna snemmtækrar íhlutunar gerðar með það að markmiði að takast á við kostnað sem hefur safnast upp og draga úr kostnaði til lengri tíma.*

*Við þökkum bæjarfulltrúum Sjálfstæðisflokksins fyrir þeirra tillögur í málinu og fyrir gott og árangursríkt samtal á milli fyrstu og annarrar umræðu um málið. Því samtali verður haldið áfram á nýju ári, sérstaklega varðandi skipulagsbreytingar á stjórnarsýslu- og fjármálasviði og á velferðar- og mannréttindasviði.*

*Við óskum bæjarstjóra og öðrum embættismönnum velfarnaðar við að hrinda þessum breytingum í framkvæmd og erum þess fullviss að þær muni heppnast vel og verða Akraneskaupstað og samfélaginu öllu til sóma.*

*Valgarður Lyngdal Jónsson (sign)*

*Elsa Lára Arnardóttir (sign)*

*Bára Daðadóttir (sign)*

*Ragnar B. Sæmundsson (sign)*

*Kristinn Hallur Sveinsson (sign)*